

**Ed.**

**50. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun 26. jan. 1866, um vinnuhjú á Íslandi m. m.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Nú vistar maður til sín hjú um skemri tíma en 12 mánaða, og skal þá húsbóndi og hjú hlita ákvæðum tilsk. 26. janúar 1866 og annara lögmæltra fyrirmæla um viðskilti húsbónda og hjús, enda sje vistartíminn ákveðinn 3 mánuðir eða lengur. Gild eru þau vistarráð, þótt ekki standi þau til næsta hjúaskildaga á eftir.

2. gr.

Hjú, sem ráðið er skemur en ár, skal, nema öðruvisi sje um samið, sjálft kosta ferð sína í vistina. Ef hjú kemur ekki í vist sína á rjettum tíma, er húsbóndi ekki bundinn við vistarráðin, nema hann innan tveggja sólarhringa fái vitneskju um, að hjúíð gat ekki komið í vistina vegna atvika, sem það átti ekki sök á. Þegar svo stendur á, er húsbóndi ekki skyldur að biða hjúsins lengur en viku frá skildaga.

Kaup hjús reiknast frá þeim degi, sem það kemur í vistina.

3. gr.

Ef upphæð kaups hefir eigi verið ákveðin, skal hjúíð hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Ef eigi hefir verið samið um annan gjalddaga kaupsins og um mánadarkaup er að ræða, hefir hjúíð rjett til þess að krefjast greiðslu kaupsins við lok hvers mánaðar. Ef kaupíð hins vegar er ákveðið í einu lagi fyrir all-

an vistartímann, hefir hjúíð að liðnum 3 mánuðum af vistartímanum rjett til þess að krefjast greiðslu á kaupi því, er það hefir unnið fyrir hinn fyrsta vistarmánuð, eftir 4 mánuði á kaupi fyrir annan vistarmánuð o. s. frv., þannig, að jafnan standi tveggja mánaða kaup ógreitt hjá húsbónda þess, þar til vistarráðunum er löglega lokið.

Ef ekki er öðru vísi um samið, teljast  $\frac{3}{4}$  af árskaupi hjús kaup fyrir tímabilið frá 14. maí til 1. október (sumarkaup).

Við lok vistartíma skal húsbóndi hafa lokið kaupi hjús að fullu.

#### 4. gr.

Eigi er húsbónda skylt að ala önn fyrir hjúi, er ráðið var skemri tíma en 12 mánaða, lengur en fjórðung vistráðningartímans.

Nú á húsbóndi að greiða matarverð fyrir sjúkt hjú sitt utan heimilis, en sjúkdómur eða slys það, er hjúíð hefir orðið fyrir, er hvorki honum nje hjúinu að kenna, og er honum þá ekki skylt að greiða meira en svarar einu hundraði á landsvísu árlangt.

#### 5. gr.

Hjúi er vitalaust að koma ekki i vistina, ef það getur sannað, að húsbóndinn hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast, misþyrmt hjúi eða svelt það, leitast við að tæla hjú til illverka eða lauslætis, enda hafi hjúi verið ókunnugt um þessar sakir þegar samningar um vistina tókust.

Ef hjú er komið i vistina þegar það fær vitneskju um eitthvert þeirra afbrota af hálfu húsbónda, sem nefnd voru, er því heimilt að víkja úr vistinni fyrirvaralaust, enda geri það svo innan 14 daga eftir að það fjekk vitneskju um verknaðinn. Kaups getur hjúíð aðeins krafist fyrir þann tíma, sem það var i vistinni.

#### 6. gr.

5. gr. umræddrar tilskipunar er úr gildi feld; enn fremur öll þau ákvæði hennar og önnur lagafyrirmæli, er koma i bága við þessi lög.